



Fundargerð

3. fundar hreppsnefndar Rangárbings ytra á kjörtímabilinu 2014 - 2018, haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, Hellu, þriðjudaginn 9. september 2014, kl. 9.00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Yngvi Karl Jónsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Sigdís Oddsdóttir, Heimir Hafsteinsson og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Yngvi Karl Jónsson vék af fundi undir lið 4.8 og Steindór Tómasson tók sæti hans.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Oddviti lagði til breytingu á dagskrá. Við bætist liðir 1.1. Fundur 1 í hreppsráði, 2.3 Fundargerð 2. fundar íþrótt- og tómstundanefndar og 4.14 Tilnefning fulltrúa á aðalfundi SASS og HES. Liður 3.3 færir til og verður liður 2.4 og liður 3.7 verður liður 2.5

Samþykkt samhljóða

Oddviti og sveitarstjóri, stutt yfirlit um stöðu verkefna frá síðasta fundi hreppsnefndar.

1. Fundargerðir hreppsráðs

1.1 Fundur 1 í hreppsráði 22072014

Til kynningar

1.2 Fundur 2 í hreppsráði 12082014

Til kynningar

1.3 Fundur 3 í hreppsráði 26082014

Til kynningar

2. Fundargerðir fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Fundur 1 í Samgöngu- og fjarskiptanefnd 28082014

Fundargerðin er staðfest samhljóða

2.2 Fundur 73 í Skipulagsnefnd 04092014, í 12 liðum

2.2.1. 1405028 - Dælustöð í landi Haga

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir leyfi til að reisa bráðabirgðadælustöð á svæði í landi Haga við Gíslholtsvatn. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu. Lóðarleigusamningur liggur fyrir á milli Orkuveitunnar og landeiganda.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.2. 1302038 - Jarlsstaðir, breyting á aðalskipulagi vegna breytinga á landnotkun.

Þór Þorsteinsson hefur fengið heimild til breytinga á aðalskipulagi Rangárbings ytra í landi sínu Jarlsstöðum úr landi Stóru-Valla, landnr. 205460. Um er að ræða breytingar á landnotkun, s.s. iðnadarsvæði vegna malarnáms og steypustöðvar

Þ. J. Ykj

ásamt áformum um golfvöll. Einnig verður skilgreint um 50 ha svæði undir frístundabyggð. Ljósing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga frá 17.7.2014 - 1.8.2014 og bárust engar athugasemdir. Fyrir liggur heimild frá Jarðeignum ríkisins til landeiganda um nýtingu á réttindum til vatnstöku og efnistöku. Kynning á fyrirleggjandi tillögu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga hefur farið fram og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.3. 1407012 - Helluvað 3, breyting á aðalskipulagi

Sveitastjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að gera breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Breytingin felur í sér breytingu á landnotkun úr landi Helluvaðs 3 þar sem 16 ha. lands er breytt í frístundasvæði úr landbúnáðarsvæði.

Ljósing var kynnt frá 17.7.2014 til og með 1.8.2014 og bárust engar athugasemdir.

Kynning á fyrirleggjandi tillögu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga hefur farið fram og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.4. 1311043 - Rangárþing eystra, beiðni um umsögn vegna aðalskipulags.

Skipulagsfulltrúi Rangárþings eystra óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna tillögu að aðalskipulagi fyrir Rangárþing eystra 2012-2024.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna en leggur til að haldinn verði samráðsfundur vegna vatnsverndarsvæða sem liggja að báðum sveitarfélögum.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.5. 1310052 - Hagi lóð, landnr. 165216, deiliskipulag

Ingimundur Gíslason hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja lóð sína, landnr. 165216 úr landi Haga við Gíslholtsvatn. Lóðin er 1,5 ha að stærð og gert er ráð fyrir að skipta henni í 3 parta þar sem heimilt yrði að byggja sumarbústað á hverri lóð.

Erindið var sent til umsagnar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og barst svar frá þeim 26.8.2014 þar sem undanþága er veitt frá d-líð 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar um fjarlægðir frá vegum utan þéttbýlis.

Tillagan var auglýst frá 16.1.2014 - 27.2.2014 og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.6. 1407018 - Haukadalur lóð B, deiliskipulag

Ingólfur Örn Steingrímsson óskar eftir heimild til að deiliskipuleggja land sitt, lóð B í landi Haukadals, fyrir íbúðarhús og frístundasvæði. Hluti spíldunnar fellur undir landbúnað og hluti undir frístundasvæði skv. aðalskipulagi. Tillagan tekur til þriggja frístundalóða auk bygginga íbúðarhúss og skemmu. Fyrir er á landbúnáðarsvæði spíldunnar gestahús og geymsla.

Skipulagsnefnd leggur til að veitt verði heimild til deiliskipulagsgerðar. Nefndin telur að leita verði eftir undanþágu frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vegna fjarlægðarákvæða frá ám og vötnum.

Nefndin telur líka að þar sem fyrirhugað frístundasvæði nær að hluta til inná landbúnáðarsvæði skv. landnotkun aðalskipulagsins þurfi að lagfæra mörkin áður en tillagan verði auglýst.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til að hún verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar mörk landnotkunar í deiliskipulagi samræmist mörkum aðalskipulagsins.

Þ. J. J.
Ykj

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.7. 1407019 - Stekkur úr landi Mykjunes, deiliskipulag

Guðbjörg Eiríksdóttir og Þórarinn Magnússon óska eftir heimild til að deiliskipulegja land sitt, Stekk úr landi Mykjunes. Skipulagið tekur til um 8 ha svæði þar sem ráðgert er að byggja íbúðarhús, gestahús, geymslu og skemmu/útihús. Fyrir liggur lýsing og tillaga að deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd leggur til að veitt verði heimild til deiliskippulagsgerðar. Nefndin telur að tillagan samræmist stefnu aðalskipulagsins og því sé ekki þörf á lýsingu. Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.8. 1408015 - Landmannahellir, breyting á deiliskipulagi

Hellismenn óska eftir heimild sveitastjórnar til að fá að breyta núgildandi deiliskipulagi fyrir landmannahelli (Samþ. 8.4.2010). Áform eru um að bora nýja holu fyrir vatnsveitu þar sem núverandi hola er uppbornuð. Fyrir liggur mat Skipulagsstofnunar þar sem framkvæmdin er ekki talin falla undir ákvæði um mat á umhverfisáhrifum. Einnig liggur fyrir heimild Umhverfisstofnunar um nýtt vatnsból.

Skipulagsnefnd leggur til að veitt verði heimild til breytingar á gildandi deiliskipulagi. Nefndin telur að um óverulega breytingu sé að ræða þar sem breytingin vikur að engu leyti frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.

Nefndin leggur því til að farið verði um málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en tillagan skuli jafnframt grenndarkynnt öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.9. 1408007 - Landsskipulagsstefna, gögn til úrvinnslu

Vinna við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Lýsing hefur verið kynnt þar sem gerð var grein fyrir áherslum sem vinna átti eftir skv. tilskipun ráðherra.

Nú liggur fyrir skýrsla sem tekur á umhverfismati þeirra valkosta sem greindir hafa verið við mótn Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Skipulagsnefnd telur að það vanti áherslur fyrir samnýtingu verndar og uppbyggingar. Valkostir eru of mikið í aðra áttina, þ.e. annað hvort vernd eða uppbygging. Nefndin leggur mikla áherslu á að skipulögð uppbygging geti fyrirbyggt spillingu verðmætra svæða vegna stóraukinnar umferðar ferðafólks.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að nýta og njóta landsins í sátt við náttúruna.

Einnig vill nefndin ítreka og leggur mikla áherslu á að notast verði við fyrirbyggjandi rammaskipulag sem gert var fyrir Suðurhálandið og kynnt var fyrir umsjónarmanni Landsskipulagsins í upphafi en virðist ekki hafa verið haft til hliðsjónar í framlagðri skýrslu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.10. 1408014 - Neyðarlínan, mastur á vatnstanki

Neyðarlínan óskar eftir leyfi til að reisa sendimastur ofan á núverandi vatnstank á Hellu til bætingar á fjarskiptum.

Skipulagsnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar fullnægjandi gögn hafa borist.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.11. 1408003 - Langholt, Tilkyrning vegna skógræktar

*Þ.J.
Ykj*

Rafn A. Sigurðsson og Anna Júlíana Sveinsdóttir tilkynna með tölvupósti um að gerður hafi verið samningur við Suðurlandskóga um nýtingu 25 hektara lands úr landi Langholts undir skógrækt. Í aðalskipulagi Rangárpings ytra 2010-2022 eru skógræktarsvæði ekki skilgreind sérstaklega heldur talin sem hluti af landbúnaðarnotkun.

Lagt fram til kynningar.

2.2.12. 1408017 - Veidihús við Rangá, byggingarleyfi gistirými

Veidifélag ytri Rangár óskar eftir leyfi til að byggja 18 herbergja gistiskála við veidihús sitt á bakka Rangár. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af umræddu svæði.

Skipulagsnefnd samþykkir að veitt verði byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar þegar öll fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.3 Fundur 2 Íþróttá- og tómstundanefnd 20082014

Sveitarstjórn staðfestir tilnefningar nefndarinnar í ungmennaráð.

2.4 Aðalfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs 29082014

Sveitarstjórn samþykkir tillögu aðalfundarins að fela Sorpstöð Rangárvallasýslu tæmingu rotþróa á starfssvæði stöðvarinnar. Sveitarstjóra falið að óska eftir samráðsfundi með hinum þátttökusveitarfélögunum um útfærslu þjónustunnar.

Samþykkt samhljóða

2.5 Fundur 2 í stjórn Lundar 03092014

Óskað er eftir tilnefningu frá Rangárpingi ytra í byggingarnefnd viðbyggingar Lundar. Sveitarstjórn tilnefnir Sævar Jónsson og Gunnar Aron Ólason í nefndina.

Samþykkt samhljóða

3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Fundur 17 í Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu 25082014

Til kynningar

3.2 Fundur 158 í Heilbrigðisnefnd Suðurlands 29082014

Til kynningar

3.3 159 stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs 29082014

Til kynningar

3.4 Aðalfundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs 28082014

Sveitarstjórn tekur undir hugmyndir þess efnis að skoða markvisst möguleika til viðtækara samstarfs við nágrennasveitarfélög Rangæinga.

Samþykkt samhljóða


3.5 37 stjórnarfundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs 28082014

Til kynningar

3.6 Tónlistarskóli Rangæinga – stjórnarfundur 01092014

Til kynningar

3.7 Fundur 8 í stjórn Félags- og skólajónstu Rangárvalla- og Vestur Skaft. 26082014



Til kynningar

3.8 Fundur 7 í stjórn Þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks 13062014

Til kynningar

3.9 Fundur 8 í stjórn Þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks 03092014

Til kynningar

4. Önnur erindi til umsagnar og afgreiðslu:

4.1 Vegna Aðalfundar HES

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við það að aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verði haldinn seinna en kveðið er á um í samþykktum og fari fram í tengslum við Aðalfund SASS á Kirkjubæjarklaustri 24-25 október n.k.

Samþykkt samhljóða

4.2 Ályktun um varðveislu landbúnaðarlands

Lagt fram til kynningar

Fulltrúar A-lista taka undir með Samtökum ungra bænda og leggja áherslu á að landbúnaðarland er af skornum skammti og skipulagsvaldið þarf að huga vel að nýtingu þess. Fulltrúar A-lista leggja til að skipulagsfulltrúa verði falið að fylgja þessu máli eftir og sjá til þess að ályktunin verði höfð til hlöðsjónar við endurskoðun aðalskipulags Rangárpings ytra 2010-2022.

Yngvi Karl Jónsson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Sigdís Oddsdóttir

4.3 Þátttaka í Útsvari, leitað eftir keppendum

Sveitarstjórn fagnar því að sveitarfélaginu hafi verið boðin þátttaka í sjónvarpsþættinum Útsvari. Auglýst befur verið eftir tilnefningum og hafa fjölmargar ábendingar borist. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

Samþykkt samhljóða

4.4 Umsögn vegna nafnabreytingar á landi – Lýtingur

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að landið beri nafnið Lýtingur

Samþykkt samhljóða

4.5 Umsögn um nafn á spildu – Einarsdalur

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að spildan beri nafnið Einarsdalur

Samþykkt samhljóða

4.6 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti – reglugerð um starfsemi slökkviliða, ósk um umsögn

Til kynningar.

4.7 Skipulag í Landmannalaugum – innsent erindi

Sveitarstjórn tekur undir ábendinguna en vekur athygli á því að í samkeppnislýsingu gagnvart skipulagi Landmannalauga er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir hesta. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Samþykkt samhljóða

Yngvi Karl Jónsson vísar af fundi

Steindór Tómasson tekur sæti á fundinum



4.8 Lagning slitlags Lækjarbraut – ósk

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í kostnaði við lagningu slitlags á Lækjarbraut sem nemur blutfallslegri eign, skv. því tilboði sem liggur fyrir, en sveitarfélagið á þrjár lódir af 12 við götuna. Jafnframt er sveitarstjóra falið að skoða almenna útfærslu á kostnaðarpáttöku í verkefnum af þessu tagi.

Samþykkt samhljóða

Steindór Tómasson vikur af fundi

Yngvi Karl Jónsson tekur sæti á fundinum

4.9 Girðing í Reynifelli, ákvörðun um lúkningu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir að fylgja þeirri leiðbeiningu sem liggur fyrir í minnisblaði lögfræðings LEX frá 19. ágúst s.l. og koma upp hefðbundinni landamerkjagirðingu milli Vatnsdals og Reynifells. Gætt verði að því að uppfylla allar málsmeðferðarreglur 7. gr. girðingalaga.

Jafnframt verði sveitarstjóra falið að óska eftir landskiptum á Reynifelli og Þorleifsstöðum sem er í samræmi við ráðleggingar fyrrgreinds minnisblaðs.

Samþykkt samhljóða

4.10 Tillaga frá Á-lista um hugmyndagátt

Fulltrúar Á-lista leggja til að hugmyndagátt verði sett sem fastur dagskerárliður á fundi hreppsráðs.

Greinargerð: Með þessu verður hugmyndagáttin skilvirkari. Þeir sem sendu inn erindi geta fylgst með að þau séu móttéken og afgreidd.

Yngvi Karl Jónsson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Sigdís Oddsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða

4.11 Tillaga frá Á-lista um fjölskyldugarð

Á 59. fundi sveitarstjórnar, 10. apríl 2014, lagði sveitarstjóri til að kosið yrði í fimm manna nefnd til undirbúnings fjölskyldugarðs á Hellu og samþykkti sveitarstjórn það samhljóða. Á-listinn tilnefnir Gunnar Aron Ólason og Sigdís Oddsdóttur í undirbúningsnefndina.

Yngvi Karl Jónsson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Sigdís Oddsdóttir

Sveitarstjórn leggur til að þessu frábæra verkefni verði vísað til Atvinnu- og menningarmálanefndar til úrvinnslu og óskar eftir því að fjallað verði um málið sem fyrst og álitni skilað fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

4.12 Fyrirspurn frá Á-lista um akstur skólabarna utan skólatíma

Sveitarstjóri hefur átt fundi og samtöl þar sem óskir foreldra hafa komið fram. Hugmyndir hafa verið um aukaverð skólabíla og/edá einstaklingsmiðaða akstursstyrki. Verið er að greina kostnað við mismundi útfærslu, á að liggja fyrir mjög fljótlega þannig að hægt verði að gera ráð fyrir þessum kostnaði við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Erindinu er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2015.

4.13 Fyrirspurn frá Á-lista um birtingu fundagagna á vef – opin stjórnsýsla

Jóhanna Jónsdóttir 20

Svar sveitarstjóra: Áætlanir eru um að þetta gerist með innleiðingu One-system en stefnt er að því að allt utanumbald gagna og funda á vegum sveitarfélagsins fari þar inn nú í haust.

4.14 Tilnefning fulltrúa á aðalfundi SASS og HES

Ákveðið að tilnefna Þorgils Torfa Jónsson, Agúst Sigurðsson, Yngva Karl Jónsson og Margræti Hörpu Guðsteinsdóttir á aðalfund SASS; Tillaga um varamenn: Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Haraldur Eiríksson, Sigdís Oddsdóttir og Steindór Tómasson. Tilnefningar á aðalfund HES: Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Haraldur Eiríksson, Yngvi Karl Jónsson og Sigdís Oddsdóttir og til vara Þorgils Torfi Jónsson, Agúst Sigurðsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Steindór Tómasson.
Samþykkt samhljóða

5. Síðareglur – reglubundin umræða og kynning í upphafi kjörtímabils

Síðareglur, sem settar voru af breppsnefnd hinn 13. júní 2013, og staðfestar af innanríkisráðuneyti 4. september 2013, voru lagðar fram til kynningar og mats á því hvort endurskoða þurfi reglurnar sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Lagt er til að reglurnar gildi óbreyttar. Sveitarstjóra er falið að leita eftir undirskriftum sveitarstjórnarmanna og varamanna þeirra, sbr. 14 gr. síðareglanna, ásamt því að senda formönnum nefnda síðareglurnar til kynningar í undirnefndum sveitarfélagsins.
Samþykkt samhljóða

6. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu

6.1 Sókn lögmansstofa- tilboð um þjónustu

Til kynningar

7. Annað efni til kynningar:

7.1 Samningur Grunnskólans á Hellu við Barnaverndarstofu

Til kynningar

7.2 Dagur íslenskrar náttúru

Til kynningar

7.3 Vegna Landsþings Sambands Íslenskra Sveitarfélaga

Til kynningar

7.4 Kaupsamningur og afsal vegna lausra kennslustofa

Til kynningar

7.5 Kaupsamningur vegna Eyjasands 9 – Orkuveituhús

Til kynningar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:05

Þorgils Torfi Jónsson
Yngva Karl Jónsson
Margræt Harpa Guðsteinsdóttir
Henni Þorsteinsdóttir
Sigdís Oddsdóttir
Sólrún Helga Guðm.

Agúst Sigurðsson